

FEBRÚAR 1968.

20

# FÉLAGSBLAD NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



Útgefandi: Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson  
Úlfstöðum, Borgarfirði

## MYND Á FORSÍÐU.

Dr. Helgi Pjeturss (1872-1949). Helgi Pjeturss var náttúrufræðingur og gerði hann brautryðjandi uppgötvunar um jarðfræði Íslands. Ungur benti hann á þá möguleika til heimspeki sem íslenzkt mál og hugsun býr yfir, og í Nýal (1919-1922) setti hann fram kenninguna um alsamband lífsins í alheimi. Það er kenning Nýals, að hinar margvíslegu trúar- og dulfræðihugmyndir séu sprottnar af slíku sambandi, og þess vegna ekki eins óraunverulegar og sumir hafa haldið, en þær hugmyndir þurfi þó mikillar leiðréttningar við. Til þess að leiðréttungunni verði komið fram þarf að taka upp samband við lengra komna íbúa annarra hnatta, en skilyrði fyrir því skapast skapast með reisa stjörnusambandsstöð, þar sem vitandi vits er leitað eftir slíku sambandi. Stjörnusambandsstöðin á jafnframt að vera lækningastaður, ánægju og fræðslustaður, og lífsaukningarástaður.

Með slíka stöð í huga segir Helgi Pjeturss: "Hinn ágæti rómverski sagnaritari Tacitus segir frá því, að á bökkum einhvers fljóts í Þýskalandi hafi verið auðveldara til sambands við guðina en í öðrum stöðum. En það er nú einmitt sá kostur Íslands, sem jeg hefi fundið, að hjer gæti verið auðveldara til sambands við guðina - enn lengra komna íbúa annarra jarðstjarna í alheimi - en í nokkru öðru landi á þessari jörð. Og gæti það að vísu orðið íslensku þjóðinni - og ekki einungis henni - til ómetanlega miklu meira gagns en þótt hjer væru í jörðu gull og gimsteinar. Ísland gæti af þessum sökum orðið ljómandi land, þar sem flestir vildu einhverntíma á ævi sinni komið hafa." (Pónýall 1947).

## E F N I :

		Bls.
1948 og 1968, P.J.	...	3
Þróun lífsins - tilviljun eða tilgangur, Ingvar Agnarsson	...	5
Saga af öðrum hnetti, P.G.	...	7
Síðara hefti "Morguns" 1967, P.J.	...	8
Sambandsreynsla, Sigurrós Jóhannsdóttir	...	11
Að lifa á ný	...	12
Raunverulegir draugar, P.J.	...	13
Eftirmáli heftisins, P.J.	...	14

Ef ég man rétt, þá var það veturninn 1947 til 8, að aðdragandi hófst til byrjunar þessa félagsskapar, sem kennir sig við Nýal Helga Pjeturss. Áður hafði ég að vísu reynt að ná saman einhverjum lesendum þessarar bókar, og varð aldrei af, að það leiddi til félagsmyndunar. En svo var það þennan veturn, að ég var eitthvert sinn á ferð í Borgarnesi, og hitti þar Halldór Sigurðsson, sem vann þá í skrifstofu hjá K.B. Vorum við Halldór þá lítið kunnugir, og kom mér því óvænt, að hann sérstaklega skyldi fara að leitast við að ná tali af mér. Fór hann þá að segja mér frá því, að hann hefði einhverntíma hrifist mjög af kenningum Nýals, en þó horfið eitt-hvað frá því síðar og farið að hallast að guðspeki. En svo sagðist hann nú nýlega hafa verið staddur á sambandsfundi með miðli, og hefði þá Pétur bróðir hans, sem verið hafði hvortveggja, tónsmiðahöfundur og brúasmiður, komið í sambandið. Sagði Halldór, að Pétur hefði þarna sagst eiga heima á annari stjörnu og talað um vilja sinn og þörf á að byggja brú á milli stjarnanna. Hafði hann eitthvað talað um tóna í því sambandi, og var nú Halldór einnig orðinn áhugasamur um þetta sama. Og upp úr þessu var það um tveggja áraskeið og lengur þó, að við Halldór ræddum oft saman um þetta efni, og kom þar þó annar maður einnig til sögunnar, Daníel Björnsson, sem ekki var síður áhugasamur en Halldór. Var hann þá sjúkur orðinn af lömunarveiki, sem svo smámsaman dró hann til dauða, og eru mér þó alveg sérstaklega kærar endurminningar um komur mínar til hans og næturgistingar stundum. En jafnframt því, að kynni tókust milli mín og þessara Borgnesinga, sem reyndar urðu nokkru viðtækari um tíma, komu auk Sveinbjarnar Þorsteinsonar Húsfellingar við sögu þessa, og varð það til þess, sem áður hefir verið frásagt hér í blaðinu, að fundur Nýalsinna var haldinn í Reykjavík að Stýrimannastíg 5 haustið 1948. Og nú er það aftur veturninn 1967 til 8, að líkast er því, að nýr þáttur sé að hefjast í þessu efni. Nú er það, að loks virðist vera hafist handa til byggingar stjörnu-sambandsstöðvar eða félagsheimilis, en hin knýjandi ástæða til þess er sú, að sambandstilraunir eru hafnar af sjálfum félagsmönnum. Nú eru loks nokkrir þeirra, sem í allrabæzta lagi eru Nýalsinnar, sjálfir að verða miðlar, og þykir mér nú þegar ég er að skrifa þetta, sem hinir ágætu Borgnesingar, Halldór og Daníel, sem báðir eru látnir en í fyrsta lagi urðu

til að vekja þessi samtök, mundu vilja koma þar við sögu. Því fremur og því betur sem hugsað er til þeirra, sem á undan eru farnir héðan, því fremur og því betur geta þeir komið sér hér við til hjálpar.

Sennilegast þykir mér, að kvíknun lífs hér á jörðu hafi gerzt skyndilega eða líkt og þegar ljós kvíknar eða logi. En áður en það varð, hefir vafalaust átt sér stað langur og torsóttur aðdragandi, sem farinn hefir verið í mörgum áföngum. Það var mjög lengi, að aldrei varð hér til staðar það ástæði eða þau skilyrði efnasambanda og krafta, að kvíknun lífs gæti orðið. Svo sem síðar í þekkingar eða sannleiksefnum hér var líkast því mjög lengi, að aldrei ætlaði að geta orðið hér til hið rétta ástæði svo að lífsgeislinn næði að kveikja líf. En þó tókst það að lokum, og þegar það tókst, þá varð hér hafning á nýtt stig, í stað geislunar, sem algjörlega hafði verið háð hraðatakmörkun ljóssins, tóku nú að berast héðan fréttir af merkilegri byrjun nálega samtímis því að þær gerðust. Og þó að sú byrjun væri einungis ófullkomin, þá er mikil ástæða til að ætla, að hún hafi þótt til díindum sæta, þar sem gjörningar til hennar höfðu verið framdir. Og nú mætti hugsa sér, að hér sé um eitthvað líkt að ræða. Eftir langan og erfíðan aðdraganda tókst það hér fyrst fyrir um það bil hálfri öld að sjá fram úr á þann hátt að segja má, að nýju stigi þekkingar hafi verið náð, og hefir það þó til þessa ekki náð því að verða hér að ástæði tilsvarandi áhrifa frá háþróaðri lífstöðvum. Vegna rangstefnu, sem svo mjög er og hefir hér ríkt bæði í hugsunarhætti og viðskiptum manna og þjóða, náðu ekki, þrátt fyrir tilkomu þessara nýju sanninda, þau skilyrði að verða til, sem tilsvarandi væru þeim sannindum. En nú gæti þetta nýja stig þekkingar og skilnings farið að koma til framkvæmda. Hið rétta ástæði guðlegra áhrifa virðist hér loks vera að verða til. Og það, sem verða mætti nú áður en varir, er skyndileg útbreiðsla þess sem tilsvarandi væri þeirri kvíknun og þeirri útbreiðslu, sem varð hér forðum við tilkomu lífsins. En þó að bjart geti verið hér framundan á þessu nýbyrjaða ári og aðdragandi til annars enn betra, þá er einnig nauðsynlegt að muna eftir því að varast það, sem leitt getur til mistaka og slysa, því að fjarri fer því, að farsældin sé enn orðinn ríkjandi á þessari jörð. Það sem um er að ræða, er aðeins möguleiki til þess, að farsæld fari að verða hér betur ríkjandi en áður, og þann möguleika munu auk fylgjenda hinnar nýju þekkingar hér ýmsir framliðnir samherjar reyna að styðja.

P.J.

## ÞRÓUN LÍFSINS – TILVILJUN EÐA TILGANGUR

Í Náttúrufræðingnum 2 hefti 1964 er ritgerð eftir Áskel Löve, um Þróun lífsins. Grein þessi er fróðleg og athyglisverð á ýmsan hátt og sýnir að Áskell Löve hefur aflað sér mikillar þekkingar á því efni, sem hann fjallar um. Eitt er þó, sem á skortir, að grein hans geti vakið þá athygli, sem verðugt væri og er það þetta, sem nú skal sagt: Hann tekur ekkert tillit til, og getur ekki um þær líffræðilegu uppgötvanir, sem gerðar voru af dr. Helga Pjéturss, og sem einar varpa ljósi yfir upphaf og þróun efnis og lífs. Hann eltir skoðun þeirra vísendamanna, sem telja alla verðandi háða tilviljunum einum saman. En kenning dr. Helga gerir ráð fyrir að áhrif frá æðra lífi magni efni og líf fram á leið ávalt meiri fjölbreytni og fullkomnunar, og að upphaf og þróun lífs, sé því ekki eingöngu tilviljunum háð, heldur vilja og líforku sem guðlegar verur beiti, til að hrinda verðandinni fram á leið ávalt meiri fullkomnunar.

Mig langar að taka upp nokkrar setningar í ritgerð Áskels Löve, sem mér finnst bera vott um of þróngan sjónhring hans, sem vísendamanns :

1. " Það er kannske ekki jafn ánægjulegt að vita sig vera rykkorn í óendenlegum heimi, sem hendingin ein skapaði, eins og að telja sig miðdepil alls þess, sem lifir og hrærist. "

I þessari setningu kemur vel fram sú skoðun höfundarins, að lífið (þar með vér) séum framkomnir fyrir einskæra tilviljun, og einnig hversu fráleitt hann telur, að vér séum " miðdepill " tilverunnar og má það til sanns vegar færa, þótt hafa verði í huga, að því aðeins getur hinn guðlegi máttur komið sér við hér á jörðu, að vér berum gæfu til að taka undir þá viðleitni, svo duga megi til að snúa lífi jarðar vorrar á rétta braut, en mikil vantart enn á að svo sé, því segja má að alltaf stefni meir og meir í ógæfuátt.

2. " Enn síður finnst öðrum þægilegt að heyra vísendin telja það staðreynd að þróun hins dauða efnis og lifandi fylgi lögmálum hendingarinnar, og að enginn hafi nokkru sinni vitað, að ein lítil grein á þróunarstofni lífsins á jörðinni myndi taka sér þá mynd, sem við köllum mann"

Vera má að í upphafi sköpunar jarðar hafi enginn vitað með vissu, að hér mundi koma fram maður, en alveg má telja áreiðanlegt, að í upphafi, hafi hinar guðlegu skapandi verur stefnt að því með sköpun jarðar og áframhaldandi þróun að koma hér upp vitveru, manni, sem orðið gæti kóróna þessa sköpunarverks sem jörðin og lífið á henni er.

3. " Enginn mun nokkru sinni vita, hvaðan þær (·neindirnar) komu eða hvernig þær urðu til eða hvers vegna, en þær flutu um í ómælisgeimnum með órarum á milli sín".

Hér kemur enn fram sú skoðun höfundar og annara vísendamanna að um algjöra tilviljun og tilgangsleysi hafi verið að ræða, er hinar

minnstu efnisagnir urðu til í geimrúminu. Mun þar þó enn vera um hið sama að ræða og minnst er á hér að framan, þ.e. hinn guðlegi máttur og hinn guðlegi tilgangur mun einnig þar hafa verið að verki.

4. " Aðeins alger útrýming mundi hafa getað komið í veg fyrir, að þessi þróun ætti sér stað, þótt hendingin ein hafi aðeins ráðið því, að lífið varð til, heldur líka, hvernig lífverur þróunin skapar."

Mér finnst þarna of langt gengið í þessari dýrkun á " lög-máli hendingarinnar."

5. " Og við erum sjálf aðeins örlítill dropi, sem kemur og fer, en hvorki miðdepill heimsins né eftirmund hins almáttuga skapara himins og jarðar".

I þessum orðum mun höfundur skjálast hrapalega, því það er eðli hinnar guðlegu veru, að magna fram efninum í fullkomnari lífmyndir, unz tekst að skapa veru, sem er lík guðunum sjálfum. I sköpunarsögu bibliunnar segir, að guð hafi skapað manninn í sinni mynd, og mun fátt hafa verið sagt, er meiri sannleikur sé, þótt vitanlega þurfi einnig víssindalegur skilningur að komast þar að, svo að skilið verði. Ég vil spyrja : Hvaða líkindi eru til að hér á jörðu hefði komið fram vera eins og maðurinn, ef ekkert hefði staðið þar á bak við annað en hin blinda tilviljun ?

6. Eftir að hafa kynnst hinum brautryðjandi kenningum dr. Helga Pjeturss umlífgeislan og samband lífsins í alheimi, kemur mér ekki til hugar að halda að upphaf efnis og lífs hafi eingöngu verið háð til-viljunum. Lífið sjálft, á fullkomnara stigi, en við þekkjum það hér á jörðu, mun vera það afl, er hrindir allri sköpun og þróun fram á leið til æ meiri fjölbreytni og fullkomnumar.

Jörð vor og líf hennar mundi aldrei hafa til orðið, ef ekki hefðu áður til verið guðlegar verur, sem höfðu sérstakan tilgang með sköpun og þróun jarðar vorrar, þann tilgang að koma hér upp vitveru, er gæti tekið við og haldið áfram því verki er guðirnir hófu í upphafi.

Mér finnst tími til kominn að íslenzkir menntamenn fari í al-vöru að kynna sér þau fræði er dr. Helgi Pjeturss bar fram fyrstur manna á þessari jörð. Mundi það verða þeim og íslenzku þjóðinni meira til frama og hagsældar, en að apa upp eftir erlendum starfs-bræðrum, þær skoðanir á heimi og lífi er lággúrulegastar hafa bornar verið fram. Ætti þeim að vera það metnaður að bera fram til sigurs, hinar merkilegu uppgötvanir þessa landa síns, sem valda mundu aldahvörfum eigi einungis á Íslandi heldur og í öllum heimi, ef þegnar væru.

Ingvar Agnarsson

12. ágúst 1964

## SAGA AF ÖÐRUM HNETTI.

A sambandstundum hefur okkur verið sagt frá göfugum vitringi, sem lifir við hinar erfiðstu ástæður í heimkynnum sínum á frumlíshnetti, þar sem verið er á mjög líku stigi og hér á jörð. Byrjaði þetta reyndar þannig að hann kom í sambandið algerlega óvænt og fór að tala mál sem enginn okkar skildi, en minnti nokkuð á rússnesku, hvað hljómfyllingu snerti og tilfinningamagn. Var sem að skynja eitthvert ósegjanlegt ranglæti og ofurmegn örðugleika að heyra þessa rödd, sem þó var eins og blandin mildi og sorg, jafnframt því sem hún var vott um baráttuþrek sem ekki væri á þotum. Svo fengum við nafnið hans, Burdlík, og að hann ætti heima á Siríusarhnetti (jarðstjörnu sem gengur þar í kring), og síðan fóru hinir að segja okkur frá ástæðum hans. Hefur hann uppgötvað sambandið á líkan hátt og gert var hér með kenningu Nýals, en átt að mæta samskonar skilningsleysi og óvild og hér hefur verið. En þó hafa rit hans sem sögð eru vera mörg (það er vert að geta þess, að þegar hann var að leita fyrir sér um íslenzkuna í munni miðlanna hér, varð honum margneft orðið snilld, eða sníld, eins og hann bar það fram) - aflað honum fylgjenda, einkanlega í sveitum landsins. Er það sagt vera stórt nokkuð og á meginlandi, og hefur það blandazt í styrjaldir, en þó ekki eins illa og sum önnur lönd. Tæknivísindi eru þar býsna langt komin um allt annað en það sem mestu varðar, og á hinu leitinu eru trúarbrögð býsna framfaralítil, og heldur þar hvort sína leið og skilja hvorugir aðra, en afleiðingin er ófriður og skammsýni - sjúkdómar eru þar - og er kjarnorka nýuppgötvuð með þeirri hættu sem þar af leiðir. Burdlík á heima í stærstu borg landsins, og fylgja honum fáir þar, en eftir að hann fór að fá samband við okkur hefur heldur greiðzt úr fyrir honum, og líður þó stundum all-langt á milli þess að hann gerir vart við sig. Nýlega kom hann í samband og talaði langt mál og gott: sagðist hafa nálega alla á móti sér og vera brjálaður talinn, en fáir einir fylgdu sér, og þó með hálfum huga. Væri sér ákaflega mikils virði að geta náð sambandi við hnött á líku stigi, eins og okkar er, því að það greiddi fyrir öllu öðru. Burdlík kom fyrst í samband í desember 1966, og skömmu síðar sagðist hann hafa fengið miðil - og nú um daginn sagðist hann vera við tíunda mann á miðilfundin, samtímis því sem

við vorum ellefu á samskonar fundi. - Einhverntíma minnir mig að nefnt væri nafn eins stuðningsmanns hans, og að nafn hans byrjaði á O og væri stutt, en um þetta finn ég ekkert skrifað. Það má bæta því við að nokkuð sem kalla mætti stuðning eða sönnun þessarar sögu liggur fyrir úr annarri átt, og skal ég þó ekki víkja að því í þetta sinn. En hitt er merkilegt, að Siríus var fyrsta einstök stjarna tiltekin sem heimkynni annars mannkyns, af vísindamanni hér á jörð, eftir að himm vísindalegi stjörnuskilningur Brúnós hófst, að því er ég bezt veit. Var það hollenzki eðlisfræðingurinn Huygens (sem setti fram öldukenningu ljóssins í sambandi við íslenzka silfurbergið) sem hreyfði þessu á síðari hluta sautjándu aldar. Reyndi hann einnig að mæla fjarlægð Siríusar, og hafði hann fullkomlega raunsannar hugmyndir um eðli stjarnanna, jafnframt því sem honum varð talað um íbúa þeirra. - Huygens er jafnan talinn meðal höfuðsnillinga vísindanna.

P. G.

## SÍÐARA HEFTI "MORGUNS" 1967.

(Samtal).

B. Hefir þú lesið síðara hefti tímaritsins "Morgunn" frá síðastliðnu ári?

P. Mér barst nú einmitt þetta efni í dag, og hefi því ekki lesið það til fulls. Þó er það tvennt, sem ég veitti undireins eftirtekt við lauslega yfirferð. Annað er það, að allar ritgerðir þess eru eftir ritstjórann, síra Svein Víking, en hitt, að allar þær dulrænu sögur, sem heftið flytur, eru gamlar og sumar alkunnar fyrir löngu.

B. En telur þú heftið nokkuð verra fyrir þetta?

P. Ekki geri ég það beinlínis. Þetta, að efni þess skuli allt vera eftir ritstjóra þess eða valið af honum úr gömlum frásögum, þarf vitanlega ekki að vera neinn galli. Meira að segja gæti slíkt verið kostur, ef ritstjórinn er vel pennafær, eins og síra Sveinn líka er, og hinar gömlu frásögur eru eitthvað sérstaklega góðar. En þó finnst mér ekki annað hægt að segja, en að slíkt sem þetta sé fátæktarvottur. Að af svo stórum hópi manna, sem vera mun í Sálarannsóknafélagi Íslands, skuli enginn nema ritstjóri tímarits hans

hafa frá neinu að segja, og að þetta sem hann segir eða hefir frá að segja, skuli annaðhvort allt vera úr fortíðinni eða þá eins og mér sýnist sumt þarna vera mest til þess að hafa blaðsfðurnar ekki auðar, það finnst mér mjög greinilega bera vott um framfaraleysi þessa félagsskapar.

B. En fannstu þá ekkert þarna í heftinu, sem þér þótti athyglisvert?

P. Eins og ég sagði, þá hefi ég ekki lesið heftið til fulls. Þannig las ég ritgerðirmar mjög lauslega, og var það vegna þess, að ég átti þar ekki von á neinu athyglisverðu. Þó að síra Sveinn sé sérstaklega vinsæll ræðumaður og megi á margan hátt teljast góður rithöfundur, þá vænti ég ekki mikils af hugleiðingum hans eða niðurstöðum varðandi hin líffræðilegu og sálfræðilegu efni. Hversu snjall ræðumaður eða rithöfundur, sem einhver kann að vera, þá er í þeim efnunum einskis af honum að vænta, meðan hann gerir ekki annað en kafa í þoku dulrænu og trúarbragða. Sannleikurinn er, þó að síra Sveinn vilji neita því, þá er skilningur hans og annara þáttakenda Sálarrannsóknafélagsins fjarri því að vera vísindalegur eða nokkurt framhald af þeirri heimsfræði og líffræði, sem menn þegar hafa öðlazt, og sést það bezt af því, hve fjarri því fer, að ráðamenn þessa félagsskapar hafi á nokkurn hátt reynt að færa sér í nyt kenningar Helga Pjeturss. Hins verður aftur á móti stundum vart, og þá einnig hjá síra Sveini, að gefið sé eftir fyrir hinum raunverulegu andstæðingum þeirra, einmitt þeim andstæðingum, sem aldrei máttu heyra nefnt samband við framliðna menn eða neitt um líf eftir dauðann.

B. Sástu ef til vill einhvern vott þessarar eftirgjafar þarna í heftinu?

P. Þó að ég læsi lauslega, þá rakst ég þarna á einhverjum stað á, þar sem ritstjórinn talar um undirvitund eða óvitaðar minningar sem hugsanlega skýringu á sumum "dulrænum" atburðum, og eru það vitanlega einhverskonar tilburðir hans til að sýnast vísindalegur í hugsun og frjálslyndur. En raunveruleikinn er, að svona eftirlátssemi stafar eingöngu af því, hve laust andatrúarmenn hafa undir fótum. - Mér var einhverntíma sagt, að einn góður Nýalssinni hafi sagt við annan, þegar rætt var um endurburð, að slíkt, þ.e. endurburðurinn, sé helvítis vitleysa, og get ég ekki annað sagt en að hann hafi þar hitt naglann á höfuðið. Það er alveg áreiðanlegt, að á endurburð er ekki trúáð nema í helvíti, þ.e.a.s. stað, þar

sem ríkjandi er rangur skilningur á lífinu. Og um undirvit-undina, sem svo mjög hefir orðið ríkjandi meðal sálfræðinga, má segja hið sama. Sú trú er ekki tilorðin af öðru en mis-skilningi á hinum margskonar hugsamböndum manna á milli, sem ævinlega eru til staðar.

B. Þó verður því nú víst ekki neitað, að með dáleiðslum og öðru því, sem sálfræðingar kunna að beita, er stundum unnt að fá menn til þess að rifja upp og muna það, sem þeir höfðu gleymt með öllu. Eftir því, sem mér hefir verið sagt, þá hefir stundum jafnvel tekist að fá menn til þess að rifja upp og muna eitt og annað frá frumbernsku sinni, og verður að ætla, að þær minningar hafi þeim áður verið óvitaðar.

P. Hvað sem hver segir, þá hlýtur dáleiðsla fyrst og fremst að vera falin í sambandsástandi, sem dávaldurinn stillir til, og liggur þá í augum uppi, að minningar frá frumbernsku, sem þá koma fram, séu vaktar af öðrum. Það er vitanlegt, að foreldrar og aðrir muna eitt og annað úr lífi kornbarna, og er því vel hugsanlegt, að þær minningar geti svo borist þaðan til hlutaðeiganda. Hinsvegar er það einnig hugsanlegt eða jafnvel líklegt, að gleymd minning eigi auðveldari leið til þess, sem gleymt hefir, heldur en til einhvers annars, sem lifði aldrei tilefni hennar, að þrátt fyrir allt skilji sumir atburðir eftir einhver spor í vitund kornbarns. sem geri upprifjun þeirra atburða auðveldari en ella, þó að þeir án utanaðkomandi áhrifa hafi verið óvirkir og í dái. En hitt, að nokkru sinni megi rekja til þeirra upptök að því, sem réttilega ber að kalla sambandsfyrribæri, nær hinsvegar ekki nokkurri átt. Það er í rauninni óhugsanlegt, að vitaðar minningar geti nokkru sinni átt upptök að neinu slíku, hvað þá þær, sem óvitaðar eru og ekki geta komið fram, nema sérstaklega sé eftir þeim grafið. Það er undirstöðuatriði að gera sér ljóst, að allar minningar manns eru sem strengir, sem geta því aðeins ómað, að við þeim hafi verið snert með einhverjum hætti.

B. En hvað segir þú þá að lokum um samanburð á fél-agsskap ykkar Nýalssinna annarsvegar og Sálarrannsóknarfélagi Íslands hinsvegar? Þú telur, að hjá Sálarrannsóknarfélagini hafi framfarir orðið fremur litlar, og hljóta nú reyndar allir að sjá, að sú hefir orðið reyndin. En hvort hafa þá fram-farirnar orðið meiri í félagi ykkar?

P. Ef bera ætti saman þessi tvö félög, þá ber fyrst að gæta að þeim aðstöðumun, sem þar kemur til greina. Annarsvegar er allfjölmennur félagsskapur, sem í rauninni er einungis

grein af útlendum stofni. Innan Sálarrannsóknarfélagsins er í öllum grundvallaratriðum ekki um neitt annað að ræða en það, sem boðað hefir verið meðal útlendra andatrúarmanna (spíritista), og þarf ekki um það að spryja, hvort sliku muni ekki vera betur tekið en einhverju innlendu hjá þjóð, sem í allri framkvæmd metur minna innlent en útlent. Sá stóri munur, sem er á stefnu andatrúarmanna og Nýalssinna er, að Nýals-sinna eru að reyna að halda á loft skilningi, sem upptök sín á hér á landi, en að hjá Sálarrannsóknarféluginu er ekki um neitt slíkt að ræða. Og til viðbótar þessu kemur svo það, að þessi skilningur er nýr og stefnir að miklu leyti gegn flestu því, sem verið hefir ríkjandi. Það er ekki einungis, að kenn-ing Nýals stefni gegn þeim skilningi, sem ríkjandi er meðal andatrúarmanna, heldur stefnir hann einnig gegn sumu því, sem ríkjandi er meðal sálfræðinga og jafnvel sumu í heimsfræði og líffræði. Raunveruleikinn er, að í Nýal er um leiðréttigar að ræða varðandi allt þetta og stórkostlega útfærslu, og þarf því ekki að undra þó að fáir séu þar til fylgis og ekki mjög öfl-ugir. En þrátt fyrir þetta kynnu þó á meðal Nýalssinna að hafa átt sér stað meiri framfarir á tæplega 20 árum en hjá Sálarrannsóknafélagi Íslands á meir en 50 árum. Þannig hygg ég, að í málögnum Nýalssinna hafi komið fram meira af leiðréttandi hugsun en í málgagni hins eldra félags allt frá upphafi þess, og vænti ég þó mestra framfara af þeim sam-böndum við lengra komna íbúa annara stjarna, sem nú virðist vera stefnt að meir en áður. - En rétt þykir mér hér að lok-um að taka það fram, að stefna Nýalssinna er ekki sú að vera ósammála mönnum Sálarrannsóknarfélagsins og öðrum, þótt sammála þeim sé ekki hægt að vera, meðan þeir ekki þiggja hinar nauðsynlegu leiðréttigar.

P.J.

## SAMBANDSREYNSLA.

13.1.1968 sástum við fund hjá Þorsteini Guðjónssyni, Sólheimum 23. Sveinn Haraldsson er í miðilsástandi og voru læknar að tala í sambandinu gegnum hann. Þá sé ég þessa undur fögru sýn, sem líkt er væri höll eða kastali, algeisluð ljósum í öllum litum og blómskrúður á veggjum. Svo sé ég

mann, mikið bjartan og hvítklæddan, og heyri þessi orð tölud: Þetta er doktor í læknisfræðum. Ég tek það fram, að þennan manna hef ég ekki séð fyrr. Ég heyrði þetta sagt: Þetta er læknabústaður okkar, sem senditækin koma til ykkar frá.

Þetta er séð og heyrt af

Sigurrós Jóhannsdóttur.

Síðan ég fór að sitja fundi með ykkur hef ég ekki þurft að nota gleraugu, sem ég hef þurft um mörg ár. Það byrjaði með þeim undarlega hætti, að ég fór að taka eftir því, að gleraugun voru tekin af mér aftur og aftur, og hélt því áfram þar til ég fór að taka eftir því að ég þurfti þau ekki að nota, og er það áframhaldandi að ég sé mikið vel.

1967. gerðist þetta.

Sigurrós Jóhannsdóttir.

#### AÐ LIFNA Á NÝ.

Það er ekki oft, að í dagblöðnum birtist nokkuð það, sem til verulegs fróðleiks miðar og aukins skilnings á tilverunni, og er jafnvel líkast því stundum að reynt sé að forðast allt slikt. Þó man ég nú, að í úrkippu, sem Sveinn Haraldsson sendi mér einhverntíma á liðnu sumri var sagt frá reynslu manns nokkurs, sem mér þótti ekki með öllu ófróðleg. Komst maður þessi mjög nærri því að deyja, og man ég ekki úr frásögu hans annað en það, að á einhverju stigi þessarar helfarar, ég held á því stiginu, sem hann komst næst dauða, hafi hann skynjað óumræðilega góðvild einhversstaðar frá, og var það í góðu samræmi við þann skilning, sem ég hafði gert mér varðandi endulifnun einstaklingsins.

Það var einhverntíma að ég var að rifja upp, líklega hér í félagsblaðinu, ýmislegt það, sem haft var eftir deyjandi fólk, og benti það mjög til þess, að aðkoma dauðans sé lík og aðkoma svefns, og er það í góðu samræmi við reynslu þessa manns. En þó er hjá honum um viðbót að ræða. Það hafa nú víst reyndar oft borist fréttir um það frá framliðnu fólk, að sjálfur dauðinn sé á engan hátt kviðvænlegur. En í stað þess, að slíkar fréttir hafa eingöngu fengist gegnum milliliði eða miðla, er þarna frásaga sjálfs þess, sem reynt hafði.

Og viðbótin er sú, að endurlifnunin verði fyrir aðstreymi ást-úðar og góðvildar, sem óhugsandi er að geti stafað annarsstaðar að en frá einhverjum lifendum.

## RAUNVERULEGIR DRAUGAR.

Svo sem ég lengi hefi haldið fram, en gerði mér þó ekki ljóst fyrr en nokkuð löngu eftir það að ég las fyrst Nýal, þá þykir mér sem miklu meiri hluti allra furðusýna eða skyggni-fyrirbæra sé tilorðinn á sama hátt og draumar, og hefi ég þegar fært nokkur rök að því. En stundum má ætla það sam-kvæmt frásögum, að um líkamninga hafi verið að ræða eða drauga séða eigin augum. Er nokkurnveginn auðsætt, að þannig hefir verið um svip, sem segir af í bókinni Út yfir gröf og dauða, og minnir mig að ég hafi áður vikið að því dæmi. Birtist svipur þessi nött eftir nött konu, sem ásamt manni sínum dvaldi í gistihúsi nokkru, og er það tekið fram án þess að bókarhöfundur virðist nokkuð hafa hugleitt það eða skilið, að í hvert sinn, sem svipurinn kom fram, hafi maður konunnar sofið fast og dregið þungt andann. Í Gráskinnu rakst ég nú á líkt dæmi, en þar er það skrípið hún Skotta, sem virðist hafa líkamnast. Segir þar, að unglingsstúlka eða barn, sem svaf hjá ömmu sinni, hafi séð þetta um nött jafnframt því að amma hennar svaf svo fast, að hún varð ekki vakin. Sá stúlkan við birtu frá tungli ókunnugt stelpugæksni vera að bretta sig og skæla skammt frá sér og ömmu sinni, og fylgdi sögunni, að daginn eftir hafi einhver komið, sem Skotta var talin fylgja. En ástæðan til þess, að ég ætla þetta hafa verið raunverulegan draug eins og líka hinn fyrrnefnda svip, er þessi fasti svefn mannsins og ömmunnar, sem ætla mætti að hafi gefið draugunum skilyrði til að efnast að nokkru og verða sýnilegir.

Þorsteinn Jónsson.

## EFTIRMÁLI HEFTISINS.

Tvennt af því vildi ég áréttu alveg sérstaklega, sem ég held fram í þessu hefti. Annað er það, hve mikil ástæða er til að vænta þess, að lágmarksþekking sú, sem vikið var að í frásögu minni af gömlum draumi, geti breytt móttökuskilyrðum til hins betra og hversu nauðsynlegt það því er, að hún sé ríkjandi á sambandsfundum. Hitt, sem ég einnig vildi áréttu, er svo það undirstöðuatriði sálfræðilegs skilnings, að jafnvel þótt færa mætti það eitthvað til sanns vegar að tala um undirvitund, þá er það algjörlega fráleitt að láta sér detta í hug, að þaðan beri nokkru sinni að rekja upptök að vitrunum og öðru slíku. Fyrir 20 árum gaf Mál og menning út í íslenzkri þýðingu Endurminningar M. A. Nexö, og hefir þetta rit lengi legið hjá mér ólesið. Nýlega tók ég svo fram síðasta bindi þess og fór að lesa. Og einhverstaðar nærri bókarlokum víkur höfundur að því, að sumt það, sem honum vitnast eða kemur í hug, sé ekki komið fram fyrir heilastarf hans sjálfs, heldur hljóti það að vera með einhverjum hætti "óvitgefið", eins og Þorsteinn úr Bæ kemst að orði í vísu, sem ég lærði eftir hann, þegar ég var í bernsku. Fer höfundur svo að tala um undirvitund, en spyr þó síðar, hvað undirvitund sé. Undirvitund er botnfall ýmsra atburða og hugrenninga, segir hann, eða eitthvað á þá leið, og reynir svo að láta sér nægja þá skýringu á tilkomu hinnar "óvitgefnu forvizku", að hún sé þaðan runnin. "Eitthvað verður maður að hugsa sér," sagði líka gáfukona nokkur eftir að hafa látið í ljós þá hugmynd, að norðurljósin væru geislarnir, sem berast á milli stjarnanna. Eru nú 60 ár og tvö eða þrjú til viðbótar síðan þetta var, en af þessum orðum hennar og líka því, hún varð eins og eitthvað hugsi, eftir að hafa látið sér detta þetta í hug, má ætla, að hún hafi fundið til ófullkomleiks þessarar skýringar sinnar á eðli norðurljósanna. En þó að slík ófullkomleikatilfinning kæmi ekki eins ljóslega fram hjá Nexö varðandi undirvitundarskýringu hans, þá er hún samt enn þá fráleitari. Það, að ýmsar botnfallnar minningar og hugrenningar geti nokkru sinni orðið vaki eða uppsprettu mannlegrar og meir en mannlegrar vizku, það er ekki einungis eins fráleitt, heldur allmiklum mun fráleitara en hitt að láta sér detta í hug, að grammifónsplata geti af sjálfdáðum eða án utanaðkomandi áhrifa látið það heyrast, sem á hana hefði verið tekið. Fyrst væri þess að geta, að þetta botnfall minninga og hugrenninga getur ekki

verið nein fullmótuð forvizka. En það sem ég sérstaklega vildi áréttu, er þó hitt, að hvort sem þar væri um að ræða einhvern vizkubrunn eða ekki, þá gæti engin vizka komið þaðan fram, nema einhver utanaðkomandi kraftur yrði til bess að vekja hana og grafa hana þaðan upp.

Grein Ingvars Agnarssonar, sem samin er fyrir þremur til fjórum árum, hefði að vísu líklega ekki haft mikil áhrif þó að hún hefði þá verið birt í einhverju dagblaðanna. En þó er það, sem þar er haldið fram, einmitt hið rétta. Sá skilningur, að með lífinu sé ekki stefnt að neinu markmiði, er ófrjór og dauður og á það í rauninni ekki skilið að vera kallaður skilningur. Meðan menn hafa ekki áttað sig á því, að hvað eina, sem gerist hér á jörðu og hefir gerzt, er aðeins eftirlíking þess, sem annarsstaðar hefir átt sér stað, eru þeir naumast byrjaðir að skilja. Sérhvað, sem gerist, mætti segja að sé stuðlað og rímað við það, sem annarsstaðar gerist og hefir gerzt, og má því auðsætt teljast, að blind hending getur aldrei hafa verið til fulls ráðandi, þar sem hafist var af lægra stigi til annars hærra. Og þegar svo á það er litið, hvernig þróunin varð á hverjum stað, þá nægir þar ekki heldur að tala um einar saman hendingar og úrvall. Þar hlýtur framar öllu að koma til greina nám eða minningasöfnun, sem erfist frá kyni til kyns. Ættminnið, sem ég hefi talað um, mótar útlit og séreðli hverrar tegundar, þótt ekki beri þangað að rekja óvitgefnar vitneskjur, eins og sumir láta sér koma í hug, og bendir þó sá misskilningur til þess, að verið sé þarna að nálgast hina réttu líffræðihugsun. Og nú kem ég aftur að því, sem svo mikil þörf er á, að kveðið verði niður í sálarfræðinni. Ættminningarnar eða þetta, sem ætla verður að erfðavísarnir geymi í sér frá kyni til kyns, er samt sem áður óvirkt og þýðingarlaust án til-komu þess kraftar, sem frá fyrirmynnum lífmyndanna stafar og mönnum veitist til aukins lífs einkum þegar þeir sofa. Hinar tvær frumur, sem að hverjum fjölfrumungi standa, verða, til þess að geta orðið virkar og skapandi, að gefa sig hvor annari til fulls, fórnar sér eða fyrirfara, því að án þess getur sá kraftur ekki komið sér þar við. Að gleyma sjálfum sér er skilyrði þess að geta orðið varanlegur og vaxandi, og hefi ég víst stundum vikið að þessu áður.

Eithvað hefir verið minnst á það við mig, hvort réttilæga muni vera að orði komist í grein Halldórs Halldórssonar,

"Framlífsheimar", að lífgeislunin sé óháð tíma og rúmi, og kynni að vera ástæða til að ræða slíkt bæði með og móti. Það var eitt sinn, að menn létu sér detta í hug, að ljósið færi á engum tíma, þó að síðar sannaðist, að svo er ekki. Og þegar nú hugsað er um flug lífgeislans, sem ætlað verður að fari á augabragði þær leiðir, sem ljósið þarf hundruð eða jafnvel þúsundir ára til að berast, þá er það ekki ranglega sagt, að farið sé að nálgast það, sem enga stund sé að gerast. En sé hinsvegar litið svo á, sem ég mun hafa talað um hér í blaðinu fyrir skömmu, að tíminn sé í rauninni ekkert annað en straumur atburðanna, sem ýmist fari hægt eða hratt, þá getur vitanlega ekkert gerzt fyrir utan hann. Flug lífgeislans væri þá aðeins tímastraumur mjög miklum mun hraðstreyMari en tímastraumur ljósgeislans er, og báðir þó alveg jafnt tilverustraumar.

Að lokum vil ég svo geta þess hér, að í sambandi við grein mína "Mælzt til við áhugasama" geri ég í eftirmála síðasta heftis dálítið rangt til Velvakanda Mbl. Raunveruleikinn var, að leiðréttинг míн og áréttинг komust aldrei til hans. Hinsvegar má gera ráð fyrir, að þær hefðu aldrei verið teknar þar, því að auðsjáanlega var það til þess að forðast slíkt, að hann flýtti sér að loka fyrir allar umræður varðandi þetta, sem "áhugasamur" hafði vakið.

P. J.

---

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Tilgangur félagsins er að vekja athygli á hinum nýja heimsskilningi, sem dr. Helgi Pjeturss bar fram, og stuðla að hagnýtingu þess skilnings. Félagsfundir eru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, kl. 9., í húsnæði félagsins á Laugavegi 24. RvÍk. Framlög til stjörnusambandsstöðvar má senda í pósthólf félagsins 1159 eða snúa sér beint til stjórnarmanna félagsins, sem eru:

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni (s. 30688), heima, Hábraut 4 (s. 40593).

Sigurður Ólafsson, Fálkanum (s. 18670), heima, Skaptahlíð 5 (s. 16274).

Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22a.